

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 817/2013

2014/EES/23/15

frá 28. ágúst 2013

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012<sup>(3)</sup> er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 4) Þessar skrár og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 5) Umsókn um leyfi fyrir notkun á arabísku gúmmí, sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, sem ýruefni í tilteknum matvælaflokkum og í bragðefnum var lögð fram 12. nóvember 2007 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi arabísku gúmmís, sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, sem ýruefnis sem bætt er í bragðefni og tiltekin

önnur matvæli, og skilaði álit sínu 11. mars 2010<sup>(4)</sup>. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu á grundvelli niðurstaðanna úr fyrirbyggjandi rannsóknum og upplýsinganna um sjálft arabíska gúmmíð og aðrar sterkjur, sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, að notkun á arabísku gúmmí, sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, sem ýruefni í matvælum við tillagða notkun og notkunarmagn skapi ekki öryggisvanda.

- 7) Af tæknilegum ástæðum er þörf á að nota arabískt gúmmí, sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, sem ýruefni í tiltekin matvæli og sem ýruefni í ýrulausnum með bragðgefandi olíum (e. *flavouring-oil emulsions*) sem bætt er við ýmiss konar matvæli þar eð eiginleikar efnisins eru betri í samburði við þau ýruefni sem eru fyrir hendi. Því er rétt að leyfa notkun á arabísku gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru í matvælaflokkunum sem sótt er um og úthluta matvælaaukefninu E-númerinu E 423.
- 8) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru, þegar það er fært í skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1539.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## I. VIDAUKI

A. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í töflu 3 í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 422:

„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru“			
2)	Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:			
a)	Í flokki 05.4 „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 416:			
	„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	10 000	Einungis í sykurbráð (e. <i>icing</i> )“
b)	Í flokki 12.6 „Sósur“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 416:			
	„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	10 000“	
c)	Í flokki 14.1.4 „Bragðbættar drykkjarvörur“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 405:			
	„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	1000	Einungis í orkudrykkjum og í drykkjum sem innihalda aldmsafa“

B. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

Í 4. hluta „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 416:

„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 03: Ís til neyslu, 0.7.2: Fint kaffibrauð, 08.2: Unnin kjötvara, einungis unnið alifuglakjöt, 09.2: Unnin fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, og í flokki 16: Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4.	500 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara sem inniheldur ekki aldinsafa og í kolsýrðum bragðbættum drykkjarvörum sem innihalda aldinsafa og í flokki 14.2: Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum.	220 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 05.1: Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB, 05.2: Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, 05.4: Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4 og í flokki 06.3: Morgunkorn.	300 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 01.7.5: Bræddur ostur.	120 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 05.3: Tyggigúmmí.	60 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 01.8: Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki, 04.2.5: Sultur, hlaup og marmelaði og svipaðar vörur, 04.2.5.4: Hnetusmjör og smurálegg úr hnetum, 08.2: Unnin kjötvara, 12.5: Súpur og seyði, 14.1.5.2: Annað, einungis skyndikaffi og te og í rétti, með korn sem uppistöðu, sem eru tilbúnir til átu.	240 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 10.2: Unnin egg og eggjaafurðir.	140 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara, án kolsýrings, sem inniheldur aldinsafa, 14.1.2: Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetissafar, einungis grænmetissafar, og í flokki 12.6: Sósar, einungis soðsósar og sætar sósar.	400 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 15: Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl.	440 mg/kg í bragðgefandi ýrulausn“

## II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi færsla við á eftir nákvæmu skilgreiningunni fyrir matvælaaukefni E 422:

**„E 423 ARABÍSKT GÚMMÍ SEM ER UMBREYTT MEÐ OKTENÝLRAFSÝRU**

<b>Samheiti</b>	Vetnisoktenýlbútandióat úr arabísku gúmmí; vetnisoktenýlsúksínat úr arabísku gúmmí; arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru (OSA); arabískt gúmmí (e. <i>gum acacia</i> ) sem er umbreytt með oktenýlrafsýru (OSA).
<b>Skilgreining</b>	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru er framleitt úr arabísku gúmmí ( <i>Acacia seyal</i> ), eða arabísku gúmmí ( <i>Acacia senegal</i> ) sem er esterað með vatnslausn með að hámarki 3% af oktenýlrafsýruanhýdríði. Það er síðan úðapurkað.
EINECS-númer	
Efnaheiti	
Efnaformúla	
Meðalmólþyngd miðað við þyngd	Hluti (i): 3,105 g/mól Hluti (ii) 1,106 g/mól
Magngreining	
<b>Lýsing</b>	Beinhvitt yfir í gulbrúnt duft sem er laust í sér
<b>Sanngreining</b>	
Seigja 5% lausnar við 25 °C	Ekki meira en 30 mPa.s.
Efnahvarf við útfellingu	Myndar hnatfellið botnfall í basískri blýasetatlausn (prófunarlausn)
Leysni	Auðleysanlegt í vatni, óleysanlegt í etanóli
Sýrustig 5% vatnslausnar	3,5 til 6,5
<b>Hreinleiki</b>	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 15% (105 °C, 5 klst.)
Esteramyndun	Ekki meira en 0,6%
Heildaraska	Ekki meira en 10% (530 °C)
Aska, óleysanleg í sýru	Ekki meira en 0,5%
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 1,0%
Prófun fyrir sterkju eða dextríni	Sjóða skal 1:50 vatnslausn af sýninu og um 0,1 ml af joði (prófunarlausn) er bætt við. Enginn blár eða rauður litur ætti að koma fram.
Prófun fyrir gúmmí sem inniheldur tannín	Í 10 ml af 1:50 vatnslausn af sýninu er bætt við u.p.b. 0,1 ml af járnklóríði (prófunarlausn). Enginn dökkur litur eða dökkt botnfall ætti að myndast.
Leifar oktenýlrafsýru	Ekki meira en 0,3%
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
<b>Örverufræðilegar viðmiðanir</b>	
<i>Salmonella</i> sp.	Greinist ekki í 25 g
<i>Escherichia coli</i>	Greinist ekki í 1 g <sup>c</sup>